

RANNSÖKNIR I LJA 1990

Sigurður Már Einarsson

Borgarnesi, febrúar 1990 VMST-V/91005X



VEIÐIMÁLASTOFNUN
Hverfisgötu 116, Pósthólf 5252
125 Reykjavík.

1. INNGANGUR

Í Ljá hafa staðið yfir tilraunir í laxarékt allt frá árinu 1987 en þá var dreift um 84.500 kviðpokaseiðum í ána. Einnig hefur á seinni árum verið dreift startfóðruðum laxaseiðum og nokkur hundruð gönguseiðum vorið 1989. Vorið 1990 var starfrækt seiðagildra til að mæla niðurgöngu seiða og ennfremur var komið fyrir stíflu í ósnum sumarið 1990 og gildru til að taka á móti fiski úr sjó, en sumarið 1990 var fyrsti möguleikinn á því að lax skilaði sér í ána úr sleppingum. Hér verður gerð stutt grein fyrir úrvinnslu úr rafveiðum frá 1990 og þeim upplýsingum sem bárust úr starfrækslu seiðagildru 1990.

2. NIÐURSTÖÐUR.

2.1. Rafveiðar.

Veitt var fyrir neðan brú á Þjóðvegi 22 ágúst, en þar hefur verið fylgst með seiðamagni allt frá 1987. Fjöldi laxaseiða mældist sem svaraði til 50.5 seiða í einni rafveiðiyfirferð. Þrír árgangar fundust, þ.e. vörgömul seiði (slepping 1990), tveggja ára seiði (slepping 1988) og einnig varð vart við seiði sem sleppt var 1987 (Mynd 1).

Niðurstöður eru í takt við niðurstöður fyrri ára. Ljá er mjög frjósöm og fóstrar mikið seiðamagn og það tekur ána þrjú ár að ala seiði upp í göngustærð, eða einu ári fyrr en gerist að jafnaði í ám í Dalasýslu. Vöxtur seiðanna var mjög svipaður og sést hefur fyrri ár.

2.2. Gönguseiði.

Seiðagildra var sett niður undir brúnni á Þjóðveginum þann 25 maí 1990 og var starfrækt fram á sumar. Sjóbirtingur byrjaði strax að ganga í gildruna og alls veiddust 150 sjóbirtingar á tímabilinu 25 maí til 15 júní. Sjóbirtingurinn var af ýmsum stærðum eða allt frá 100 gr upp í 2 pund.

Laxaseiðin byrjuðu að ganga nokkru seinna en sjóbirtingurinn og veiddist fyrsta seiðið 30 maí en síðasta seiðið gekk 3 júlí, en mesti krafturinn í göngunni var frá 4 - 20 júní.

(Mynd 2).

Alls veiddust 689 laxaseiði, þar af voru 41 seiði merkt með vinstri kviðugga og 33 seiði merkt með klippingu á hægri kviðugga. Seiði merkt með klippingu vinstri kviðugga voru merkt 1988, ekki er vitað nákvæmlega um sleppihópin sem merktur var með hægri kviðugga.

Stærð seiðanna var ekki mæld, en send voru sýni af 5 seiðum sem öll voru um 65-75 gr og um 18 sm að stærð. Aldur þeirra var 3 ár og voru þau því úr fyrstu sleppingu á kviðpokaseiðum í ána 1987.

2.3. Hreistursýni

Sumarið 1990 var fyrsti möguleikinn á því að lax skilaði sér í Ljá. Hreistursýni barst af einum lax sem merktur var með klippingu vinstri kviðugga og var það 67 sm hængur, 6 pund að þyngd sem veiddist 15 september. Aldursgreining og merking sýndi að honum var sleppt í ána í byrjun ágúst 1988 og gekk því út vorið 1990 sem gönguseiði.

3. UMRÆÐUR

Þær tilraunir sem fram hafa farið í laxarækt í Ljá ættu nú að fara að skila árangri. Töluvert seiðamagn gekk þannig til sjávar vorið 1990 og eiga þau seiði að skila sér sem smálax sumarið 1991. Endurheimtur ættu síðan enn að vaxa 1992 er bæði smálax og stórlax skila sér jafnframt því sem fleiri seiðaárgangar fara að skila sér til sjávar. Erfitt er að meta hversu margir laxar geta skilað sér 1991. Það fer m.a. eftir því hvort seiðagildran mældi öll seiði á niðurleið og síðan afföllum í sjó sem ljóst er að eru breytileg, en í góðum sjávarskilyrðum er ekki ólíklegt þau séu á bilinu 10-15% á villtum seiðum.


Við móttöku á laxi í Ljá er sennilega stærsta vandamálið hve áin er vatnslítill og er hugsanlegt að reyna verði aðrar aðferðir en gildruveiði ef laxinn verður tregur til að ganga upp í gildruna.

Mælt er með því að seiðagildran verði starfrækt áfram næstu sumur, en með slíkum gildrum er hægt að meta betur árangur ræktunar og gefa til kynna hvað von er á miklum laxi úr ræktun. Einnig þarf að fylgjast mjög vel með móttökunni á kynþroska laxi og athuga hvort nauðsynlegt að gera úrbætur.

Með þeim sleppingum sem gerðar hafa verið fer nú að koma betur í ljós hvaða árangri megi vænta í hafbeiti á laxi í Ljá. Ef árangur verður jákvæður nú næstu sumur er nauðsynlegt að íhuga með sleppingar á gönguseiðum, því uppeldissvæðin í ánni sjálfri eru takmörkuð og gefa ekki af sér nema takmarkað magn af laxi. Það er hins vegar alls ekki tímabært á þessu stigi því ganga verður betur úr skugga með endurheimtur og hvernig gengur að taka á móti laxi í ána.

MYND 1

Lengdardreifing og aldur laxaseiða í Ljá 22. ágúst 1990.



MYND 2:

Göngutími sjóbirtings og lax í seiðagildru í Ljá sumarið 1990.

